

SEL 1.bekkur Náttúru- og samfélagsfræði 2020-2021

Kennarar: Gunnhildur Björg Ívarsdóttir; Kristjana Ósk Sturludóttir; Margrét Guðvarðardóttir

1

Lýsing

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

SEL Náttúru- og samfélagsfræði 1.bekkur 2020-2021 - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.

SEL Náttúru- og samfélagsfræði 1.bekkur 2020-2021

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.

SEL Náttúru- og samfélagsfræði 1.bekkur 2020-2021 - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

SEL Náttúru- og samfélagsfræði 1.bekkur 2020-2021 - Náttúrufræði

- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og tengt það við daglegt líf.
- Kynnist á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans.
- Kynnist einkennum lífandi vera.
- Kynnist á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.

KENNSLUSKIPULAG

- **komdu og skoðaðu hvað dýrin gera.**

Í bókinni eru mörg dæmi um fjölbreytta hegðun ólíkra dýra, svo sem leiki, uppeldi, pörun, næringanám og fleira.

Bókin er lesin fyrir nemendur og verkefni unnin samhliða lestrinum.

- **Komdu og skoðaðu líkamann**

Í bókinni er fjallað um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir.

Bókin er lesin fyrir nemendur og verkefni unnin samhliða lestrinum.

- **Komdu og skoðaðu umhverfið**

Í bókinni er fjallað um umhverfi í víðu samhengi, bæði manngert og náttúrulegt. Skoðaðar eru algengar lífverur, form í umhverfinu og fleira.

Bókin er lesin fyrir nemendur og verkefni unnin samhliða lestrinum.